

Benedikt Sigurðarson, eftirlaunamaður sem býr og starfar á Akureyri og í Þingeyjarsveitum.

Menntun og störf;

Benedikt er með BA próf í uppeldisfræði frá HÍ og kennsluréttindi frá sama skóla 1982.

Meistarapróf í skólastjórnun og stjórnáslu skólakerfa frá University of British Columbia í Vancouver í Canada 1996.

Benedikt starfaði sem kennari og sem skólastjóri við Barnaskóla Akureyrar 1985-1997 og sem sérfræðingur við Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri frá 1998 og sem aðjúntk við Kennaradeild-/Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri til 2007.

Benedikt var höfundur sjálfsmatslíkansins Skólarýnir (Gunnskólarýnir/Framhaldsskólarýnir) og sinnti ráðgjöf við einstaka skóla og sveitarfélög á árabílinu 1998-2008.

Frá árinu 2007 og til 2019 var hann framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi/Búfesti hf. sem er neytendarekið íbúðasamvinnufélag sem hefur byggt og rekur nær 300 íbúðir á starfssvæðinu.

Félagsmál - virkni;

Benedikt var virkur í starfi Skólastjórafélags Íslands og tók þátt í fjölbjóðlegu samstarfi og þróunarverkefnum í umboði félagsins – m.a. 3ja ára verkefni til uppbyggingar á stjórnkerfi fyrir skóla í Baltnesku ríkjunum (Eistland, Lettland, Litháen) sem kostað var af Norrænu Ráðherranefndinni.

Benedikt hefur verið virkur í félagsmálum og samvinnufélög eru sérstakt áhugasvið hans. Sat í stjórn Akureyrardeildar KEA um árabíl og átti sæti í stjórn og varastjórn KEA m.a. sem stjórnarformaður 2002 til 2007. Benedikt er áskrifandi að fréttamiðlun alþjóðasambands samvinnufélaga og fylgist með þróun samvinnuskipulags og rekstrar í nágrennalöndum.

Benedikt var í stjórn Sundsambands Íslands árin 1998-2008 og var formaður 2000-2006. Hann var flokksstjóri sundmanna og í fararstjórn á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000.

Benedikt lærði söng hjá Sigurði Dementz og Margréti Bóasdóttur og hefur tekið þátt í kórstarfi, leikhússtarfi, kvikmyndaleik en ekki síst sönglífi á Akureyri – fyrst með 24MA-félögum, með Kór Akureyrarkirkju og nú með Karlakór Akureyrar-Geysi.

Benedikt hefur ritað næstum óteljandi blaðgreinar um uppeldis- og menntamál, um stjórnsmál og alveg sérstaklega um húsnæðismálin síðustu 20 árin.

Fræðileg viðfangsefni;

Benedikt vinnur að eftirfarandi;

1. Samantekt á „Sögu 100 ára karlakórastarfs á Akureyri“ – sem meiningin er að verði vefútgáfa – með fjölmiðlun að hluta. Árið 2022 fagnaði Karlakór Akureyrar-Geysir 100 ára afmæli karlakórsins Geysis og í því samhengi gaf kórin út lítinn bækling í takmörkuðu upplagi sem dreift var til heimila í bænum.

- a) Sérstakir kaflar eru helgaðir söngstjórum sem talist geta frumkvöðlar og burðarásar í starfi Karlakórs Akureyrar og Karlakórsins Geysis.
2. „Mývetningasaga/Mývetningar á 20. öld“ er vinnuheiti á safni af sögubrotum og upprifjunum – mest um líf fólksins sem tók við búum í og upp úr seinni heimsstyrjöld og stóð undir þeirri Mývatnssveit sem Benedikt fæddist inn í og hefur lifað með honum svo lengi sem hann man. Fyrstu minningar tengjast tæknivæðingu - dráttarvélar og bílar og tæknilausnir við heyskap og framkvæmdir – móta uppvöxtinn um leið og rafmagnið kveikti ljós á öllum bæjum.
- a) Sérstakir kaflar verða helgaðir ákveðnum einstaklingum og tilteknum þáttum – sem ekki eru lengur við lýði eða hefur lítið verið skráð um.
- b) Laxárdeilan fær sérstakan kafla ekki síst út frá persónulegri nálgun á þann vettvang stóru Skjálfandafljótsveitunnar í gegn um Svartárvatn, Kráká/Sellönd og mögulega í Grænavatn/Mývatn – og plönun um fleiri þrep virkjana í farvegi Laxár og skurði þvert yfir Aðaldal.
3. Félagshreyfingar Þingeyinga frá 1851 til 1950. Margt hefur verið ritað og heilar bækur gefnar út um einstaka menn sem taldir eru hafa „staðið upp úr“ í þeirri félagsþróun sem varð í Þingeyjarsýslu frá Þjóðfundarárinu 1851. Stofnun lestrarfélaga, kaupfélaga/SÍS, sparisjóða, ungmennafélaga og skóla/alþýðuskóla, mikil virkni í blaðaskrifum og útgáfum tímarita og virkt andóf gegn kennivaldi kirkjunnar og tenging við stofnun Framsóknarflokksins og Alþýðusambandsins verður seint að fullu skýrð. Benedikt hefur verið að raða saman brotum úr þessari sögu – og einbeitt sér að því að skoða hlut þeirra karla og kvenna sem ekki hafa (enn) verið skrifaðar heilar bækur um - enda eru sífellt fleiri einkaskjalasöfn og bréfasöfn að verða aðgengileg – auk þess sem frásagnir eldra fólks sem enn er á svæðinu eru um margt athygliverðar og geta átt erindi við ókomnar kynslóðir.